



Fundur í sveitarstjórn

78. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn, fimmtudaginn 8. mars 2018 og hófst kl. 17:00.

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Reynir Atli Jónsson, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Halldór Rúnar Stefánsson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Sóley Indriðadóttir tók sæti Þorsteins Vilbergs Þórissonar á fundinum kl. 17:43, undir lið 12.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Hann lagði til að nýjum lið yrði bætt við dagskrá fundarins, fundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga. Sá liður yrði númer 7 og númer annarra liða breyttist í samræmi við það.

Samþykkt samhljóða.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

Dagskrá

- 1) Fundargerð 857. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 23. febrúar 2018
- 2) Fundargerð 303. fundar stjórnar Eyþings, dags. 2. mars 2018
- 3) Fundargerð 19. fundar landbúnaðarnefndar
 - a) Liður 2. Ályktun um málefni sauðfjárbænda
- 4) Fundargerð 31. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, 5. mars 2018
 - a) Liður 4. Reglur um stöðuleyfi
- 5) Styrktarsjóður EBÍ 2018, auglýsing um styrkumsókn, dags. 21. febrúar 2018
- 6) Aðalfundarboð Landssamtaka landeigenda 15. mars nk.
- 7) Fundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 23. mars nk.
- 8) Drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 1. mars 2018
- 9) Erindi frá Karen Rut Konráðsdóttur, dags. 6. mars 2018, vegna reksturs Þórsvers
- 10) Málefni Bakkafjarðar, erindi frá íbúum Bakkafjarðar, dags. 19. febrúar 2018
- 11) Viðauki við fjárhagáætlun vegna kaupa á Langanesvegi 2 (gögn send síðar, eru í vinnslu hjá endurskoðendum)
- 12) Nýr leikskóli: jarðvegsframkvæmdir og öryggisgirðingar
- 13) Skýrsla sveitarstjóra



- 14) Framkvæmdir við leikskólann – fsp. frá U-lista
- 15) Framkvæmdir við ljósleiðaravæðingu – fsp. frá U-lista
- 16) Frítt í mötuneyti fyrir börn í skólum Langanesbyggðar – frá U-lista
- 17) Jónsabúð – frá U-lista
- 18) Hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla – frá U-lista

Fundargerð

1. Fundargerð 857. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 23. febrúar 2018

Fundargerðin lögð fram.

2. Fundargerð 303. fundar stjórnar Eypings, dags. 2. mars 2018

Fundargerðin lögð fram.

3. Fundargerð 19. fundar landbúnaðarnefndar

Fundargerðin lögð fram.

Liður 1. Refa og minkaveiðar 2018 og fjárveitingar 2018:

Samþykkt um afgreiðslu: Að svo stöddu mun sveitarstjórn ekki auka við það fjármagn sem áætlað er til refa- og minkaeyðinga á árinu 2018. Áætluð fjárhæð 2018 er sambærileg og fjárhæð sú er varið var til málaflokksins 2015 og 2016 að gefnu því að framlag ríkisins haldist svipað. Sveitarstjóra falið að koma þeim áhyggjum er í bókun nefndarinnar felast á framfæri við ríkið.

Samþykkt samhljóða.

Liður 2. Ályktun um málefni sauðfjárbænda:

Samþykkt um afgreiðslu: Sveitarstjórn tekur undir bókun nefndarinnar og felur sveitarstjóra að kynna hana fyrir ráðherra, þingmönnum kjördæmisins og fjölmiðlum.

Til máls tók: Siggeir Stefánsson.

Samþykkt samhljóða.

4. Fundargerð 31. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, 5. mars 2018

Fundargerðin lögð fram.

Liður 4. Reglur um stöðuleyfi:

Samþykkt um bókun: Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu að reglum og gjaldskrá um stöðuleyfi.



Til máls tók: Björn Guðmundur Björnsson og lagði fram svohljóðandi tillögu U-listans um nýja grein í samþykktinni:

Stöðuleyfi á iðnaðar- og athafnalóðum, öðrum en sveitarfélagsins. Ef leigjandi iðnaðarlóðar óskar eftir stöðuleyfi fyrir fleiri en einn lausafjármun á sömu lóð er gert ráð fyrir að gefið sé út eitt stöðuleyfi og skal gjaldtakan þá miða við þann kostnað óháð fjölda lausafjármuna.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Reynir Atli Jónasson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Elías Pétursson veitti andsvar.

Breytingartillaga U-listans felld með þremur atkvæðum gegn fjórum atkvæðum, Þorsteins Ægis Egilssonar, Reynis Atla Jónssonar, Halldórs Stefánssonar og Þorsteins V. Þórissonar.

Tillagan um samþykkt um bókun er samþykkt með fjórum atkvæðum. Siggeir Stefánsson, Björn Guðmundur Björnsson og Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir sátu hjá.

5. Styrktarsjóður EBÍ 2018, auglýsing um styrkumsókn, dags. 21. febrúar 2018

Samþykkt um bókun: Samþykkt að vísa málinu til atvinnu- og ferðamálanefndar, fræðslunefndar og menningar- og bókasafnsnefndar til meðferðar.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson, Reynir Atli Jónsson

Samþykkt samhljóða.

6. Aðalfundarboð Landssamtaka landeigenda 15. mars nk.

Boð á fundinn á Hótel Sögu Reykjavík með dagskrá lagt fram.

7. Fundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., 23. mars nk.

Fundarboð aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 23. mars 2018 með dagskrá lagt fram.

Samþykkt um bókun: Samþykkt að sveitarstjóri sækji fundinn hafi hann tök á því.

Samþykkt samhljóða.

8. Drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 1. mars 2018

Samþykkt um afgreiðslu: Vísað til umhverfis- og skipulagsnefndar og atvinnu- og ferðamálanefndar til umsagnar.

Samþykkt samhljóða.



9. Erindi frá Karen Rut Konráðsdóttur, dags. 6. mars 2018, vegna reksturs Þórsvers

Karen Rut, f.h. Lyngholts ehf. óskar eftir viðræðum við sveitarfélagið um yfirtöku á rekstri Þórsvers að hluta til og til reynslu tímabundið, til 30. september nk.

Samþykkt um afgreiðslu: Sveitarstjóra falið að ræða við bréfitara og í framhaldinu vinna minnisblað sem lagt verði fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

10. Málefni Bakkafjarðar, erindi frá íbúum Bakkafjarðar, dags. 19. febrúar 2018

Erindið „Ákall um hjálp“ dags. 19. febr. sl. frá íbúum á Bakkafirði lagt fram með fimm spurningum.

Til máls tók: Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson veitti andsvar.

Samþykkt um afgreiðslu: Sveitarstjórn þakkar bréfiturum erindið og tekur undir með þeim hvað varðar áhyggjur af stöðu mála á Bakkafirði. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við oddvita.

Oddviti gerði hlé á fundi kl.17:30.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:35.

Oddviti gat þess að bréfið yrði kynnt sveitarstjórnarmönnum til skoðunar áður en það verður sent íbúum Bakkafjarðar.

Siggeir Stefánsson bað um fundarhlé kl. 17:36. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 17:38.

Til máls tók: Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir og lagði fram svohljóðandi bókun:

U-listinn leggur til að þeim spurningum sem fram koma í þessu bréfi verði svarað af skrifstofu Langanesbyggðar og verði sent á sveitarstjórnarmenn til yfirlestrar fyrir 16. mars, áður en það verður sent íbúum Bakkafjarðar. Einnig óskar U-listinn eftir því að íbúar Bakkafjarðar leggi fram lista með þeim verkefnum sem þau telji nauðsynleg og að þeim verði forgangsraðað svo sveitarstjórn geti tekið á þeim málum í samráði við íbúana.

Tillaga að samþykkt að bókun samþykkt samhljóða.

11. Viðauki við fjárhagsáætlun vegna kaupa á Langanesvegi 2

Fram er lagður viðauki I við fjárhagsáætlun fyrir árið 2018. Tekinn fyrir á fundi sveitarstjórnar í febrúar 2018. Breytingar á fjárfestingu:

Kaup á Langanesvegi 2. 14,2 m.kr. fjármagnað með handbæru fé. Handbært fé í árslok mun lækka um 14,2 m.kr. og verða 70,3 m.kr. Breytingar á tekjuliðum: Engar breytingar á gjöldum: Rekstrarniðurstaða: Mun ekki breytast.



Í framlögðum yfirlitum er sýnt hvaða áhrif þessi viðauki hefur á upphaflega samþykktáætlun.

Samþykkt um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir framlagðan viðauka.

Samþykkt samhljóða.

12. Nýr leikskóli: jarðvegsframkvæmdir og öryggisgirðingar

Þorsteinn Vilberg Þórisson lýsti sig vanhæfan um þetta mál. Samþykkt.

Sóley Indriðadóttir tók sæti á fundinum kl. 17:43.

Til máls tók sveitarstjóri og kynnti framlagt minnisblað er varðar tilboð í jarðvinnu og bráðabirgðagirðingar vegna nýbyggingar leikskóla á Þórshöfn. Tvö tilboð bárust og var lægra tilboðið frá Ístrukk ehf. að fjárhæð 7.702.600,- eða 83% af kostnaðaráætlun. Lagt er til að sveitarstjóra verði veitt heimild til að undirrita framlögð drög að verksamningi.

Samþykkt um afgreiðslu: Sveitarstjóra heimilað að ganga frá samningi við lægstbjóðanda.

Samþykkt samhljóða.

Sóley Indriðadóttir vék af fundi og Þorsteinn Vilberg Þórisson tók sæti að nýju kl. 17:48.

13. Skýrsla sveitarstjóra

Til máls tók sveitarstjóri og fór yfir helstu atriði sem unnin hafa verið að hjá sveitarfélaginu undanfarið:

- Í síðustu viku voru haldnir kynningarfundir með landeigendum í Finnafirði vegna mögulegrar hafnargerðar þar. Fundir voru haldnir á Þórshöfn, Akureyri og í Reykjavík. Niðurstaða þessara funda er að lögð verður fram tillaga að minnisblaði (Memorandum of Understanding) milli landeigenda, bremenports, Eflu ehf. og sveitarfélaganna um framvindu mála. Einnig voru haldnir fundir með fulltrúum beggja sveitarstjórna og loks ríkisvaldsins í kjölfarið.
- Undirbúningur er hafinn að innleiðingu nýrrar löggjafar um persónuverndarlög í samvinnu við önnur sveitarfélög í Þingeyjarsýslu. Við verðum að gera samninga við alla þá aðila sem hafa aðgang að tölvukerfum okkar vegna nýrrar löggjafar, þeirra sem sjá um heimasíðu, netþjónustuaðila o.fl.
- Hús á Hafnartanga á Bakkafirði sem er að hruni komið, er í eigu sveitarfélagsins, en lóðin í einkaeign skv. þinglýsingarbókum. Ástand hússins er mjög slæmt og það gæti orðið tjón í miklu roki ef eitthvað fyki úr húsinu. Vinna þarf að niðurrifi þess.
- Veraldarvinir hafa sóst eftir samstarfi fyrir fimm hópa í sumar. Gert er ráð fyrir komu fimm 8-12 manna hópum á tímabilinu 3. júlí til og með 18. ágúst. Unnið er að færa samstarf við þá í betra horf, en ánægja útlendra gesta til Langanesbyggðar er með því



mesta sem gerist. Veraldarvinir hafa unnið við hreinsun strandlengjunnar og öðrum umhverfisverkefnum hér.

- Undirbúningur að breytingum á Verinu eru hafnar í samræmi við áætlanir sveitarfélagsins. Stefnt er að setja nýtt efni á gólfín í núverandi þreksal og gamla matsalinn, opna og gera aðgengilegt milli þeirra, auk þess sem salirnir verða málaðir og loftljós endurnýjuð. Einnig liggja fyrir áætlanir um viðgerðir á leka við svalahurðir og önnur smáverkefni. Þá liggja fyrir áætlanir um uppsetningu á aðgangsstýringarkerfi fyrir þreksalinn og eftirlitskerfi vegna þess. Þá er í undirbúningi að setja upp nýtt kassakerfi í Veri sem verður beintengt bókhaldskerfinu, þannig fæst nákvæmt yfirlit um notkun. Allar söluupplýsingar verða sundurliðaðar eftir tímabilum og tegund þjónustu sem seld er hverju sinni. Með þessum breytingum fást mun betri upplýsingar um notkun íþróttamiðstöðvarinnar.

14. Framkvæmdir við leikskólann – fsp. frá U-lista

Til máls tók Siggeir Stefánsson og lagði fram eftirtaldar fyrirspurnir frá U-lista:

- *Ítrekum ósk um skrifleg svör við spurningum frá síðasta fundi.*
- *Hver er staðan á verkefninu?*
- *Óskum eftir að sjá nýjustu teikningar af leikskóla. Hver er staðan á verkefninu?*

Til máls tók sveitarstjóri og lagði fram minnisblað vegna fyrsta liðar fyrirspurnarinnar og fór yfir það. Í minnisblaðinu er svarað framkomnum tölusettum spurningum.

1. Samningur hefur verið lagður fram á þann hátt að svert var yfir allar verðupplýsingar utan samtölur. Af sjálfu leiðir að skriflegur samningur var gerður og kemur fram í honum allt er varðar verktíma og verð. Sveitarstjóri hefur átt fundi á skrifstofu sveitarfélagsins og sýnt tveimur fulltrúum U-lista samninginn, en hefur hafnað því að afhenda hann út af skrifstofu.
2. Verkið er ekki útboðsskyldt hvorki samkvæmt innkaupareglum sveitarstjórnar (9,9 m.kr.) né lögum um opinber innkaup (49 m.kr.).
3. Heildarkostnaður vegna verksins nú (07.03 '18) er kr. 8.059.312,- m. vsk að meðtöldum auka og viðbótarverkum að fjárhæð u.þ.b. 850.000,- m.vsk. Endanlegt uppgjör liggur ekki fyrir en þó fyrirséð að breytingar verða óverulegar héðan í frá.
4. Samningsfjárhæð er kr. 7.920.000,- m. vsk.

Til máls tók Siggeir Stefánsson og bað um fundarhlé kl. 18:15. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:22.

Til máls tóku Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Elías Pétursson veitti andsvar, Siggeir Stefánsson sem lagði fram svohljóðandi bókun:



Svör við spurningum U-listans frá því fyrir síðasta fund bárust okkur ekki fyrir en í dag frá sveitarstjóra og munum við þurfa betri tíma til að bregðast við þeim sem mun verða fljótlega. Við sjáum samt strax að í þessu minnisblaði er þó nokkuð um rangfærslur sem munu verða leiðréttar og einnig komu margar rangfærslur fram í máli sveitarstjóra sem mun vera svarað síðar.

U-listinn telur að það hefði verið eðlilegt af sveitarfélaginu að bjóða út framkvæmdir við akveg og bílastæði við leikskóla en ekki afhenda verkið einum aðila eins og var gert og að það hafi verið eðlilegt að gera verðkönnun og samanburð á kostnaði frá fleiri aðilum en ekki ræða eingöngu við einn aðila um að vinna verkið. Að mati okkar eftir samtöl við fagaðila er ljóst að ef verkið, akvegur, bílastæði, grunnur og sökklar, hefði verið boðið út saman þá hefði það getað orðið mun ódýrara sem næmi kannski 2-4 milljónum króna.

Í lögum um opinber innkaup kemur eftirfarandi m.a. fram:

- Varðandi innkaup undir viðmiðunarupphæðunum skal þeirri meginreglu fylgt að nota útboðsformið til verðákvörðunar á vörum og framkvæmdum og í öllum tilfellum skal gera verðsamanburð.
- Við innkaup undir þeim viðmiðunarfjárhæðum sem tilgreindar eru í 1. mgr. 23. gr. skal kaupandi ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra fyrirtækja. Slíkur samanburður skal jafnan gerður með rafrænum aðferðum. Við þessi innkaup skal gæta að samkeppni og virða jafnræðisreglu 15. gr., svo og ákvæði 49. gr. um tæknilýsingar.
- Þegar innkaupum á fyrirhuguðu verki eða þjónustu er skipt upp í fleiri sjálfstæða samninga skal miða við samanlagt virði allra samninganna. Sama á við þegar innkaupum á vöru af svipaðri tegund er skipt upp í fleiri sjálfstæða samninga. Sé samanlagt virði allra samninganna yfir viðmiðunarfjárhæðum skal líta svo á að verðgildi hvers og eins samnings sé einnig yfir viðmiðunarmörkum.
- Fram kemur í innkaupareglum LNB að óheimilt sé að skipta verkum niður.

Verksamningur milli sveitarfélagsins og BJ-vinnuvéla var hvorki kynntur eða borinn undir sveitarstjórn áður eða eftir að skrifað var undir hann. Það var ekki fyrir en U-listinn óskaði formlega eftir því að fá að sjá hann að hann var lagður fram á síðasta fundi en þá var búið að túska yfir nokkrar lykiltölur í honum. Teljum við þetta vera mjög óeðlileg vinnubrögð að öllu leyti og lýsa mikilli leyndarhyggju hjá meirihluta sveitarstjórnar og það ekki síst í ljósi þess að mikil fjölskyldutengsl eru á milli eigenda BJ-vinnuvéla og aðila í meirihluta sveitarstjórnar. Aðilar af U-listanum fengu að sjá samninginn óyffirstrikaðan þann 6. mars á skrifstofu Langanesbyggðar.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Reynir Atli Jónsson, Siggeir Stefánsson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson.



15. Framkvæmdir við ljósleiðaravæðingu – fsp. frá U-lista

Til máls tók Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi spurningar:

- *Hver er staðan á verkefninu?*
- *Hver er staðan á styrkveitingu?*
- *Hver er heildarkostnaður við verkið og hvernig skiptist hann?*

Til máls tók sveitarstjóri og sagði að þar sem fyrirspurnin hefði verið lögð fram með stuttum fyrirvara og ekki raunhæft að ætlast til að henni sé svarað á greinargóðan hátt, verði erindi U-listans svarað skriflega á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhléi kl. 18:59. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 19:01.

Til máls tók Siggeir Stefánsson. Elías Pétursson veitti andsvar.

16. Frítt í mótuneyti fyrir börn í skólum Langanesbyggðar – frá U-lista

Frá U-lista: U-listinn óskar eftir því að tekið verði saman hver sé kostnaður Langanesbyggðar við rekstur á mótuneyti Grunnskólans og leggur til að sveitarfélagið bjóði upp á frítt fæði fyrir öll börn í grunnskólum þess.

Til máls tók Björn Guðmundur Björnsson og lagði fram svohljóðandi tillögu:

U-listinn leggur til að mótuneyti Grunnskólans verði gjaldfrjálst frá og með næsta hausti. Þetta tryggi að öll börn á skólaaldri fái eina heita máltíð á dag óháð efnahag foreldra. Einnig er sýnt að góð næring og betri námsárangur haldast í hendur. Óskum eftir því að gert verði kostnaðarmat sem lagt verði fyrir sveitarstjórn á næsta fundi ásamt að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun vegna þessa máls á næsta fundi sveitarstjórnar.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Reynir Atli Jónsson, Siggeir Stefánsson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson, Reynir Atli Jónsson.

Siggeir Stefánsson bað um fundarhléi kl.19:15. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 19:21.

Til máls tók: Siggeir Stefánsson.

Tillagan felld með þremur atkvæðum gegn fjórum atkvæðum: Þorsteins Ægis Egilssonar, Reynis Atla Jónssonar, Þorsteins Vilbergs Þórissonar og Halldórs Stefánssonar.

Þorsteinn Ægir Egilsson lagði fram svohljóðandi bókun meirihlutans:

Meirihluti L- og N-lista sér sér ekki fært að taka afstöðu til tillögu U-listans enda liggur ekkert kostnaðarmat að baki tillögunni né er í nýlega samþykkttri fjárhagsáætlun gert ráð fyrir kostnaði vegna tillögunnar.



17. Jónsabúð – frá U-lista

Til máls tók Björn Guðmundur Björnsson og lagði fram svohljóðandi tillögu:

U-listinn leggur til skoðað verði hvort hægt sé að nýta hluta af Jónsabúð til byggingar húsnæðis á grundvelli laga um almennar íbúðir og reglugerðar um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir.

Til máls tóku: Reynir Atli Jónsson, Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson, Reynir Atli Jónsson, Elías Pétursson, Þorsteinn Ægir Egilsson.

Reynir Atli Jónsson óskaði eftir fundarhléi kl. 19:37. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 19:45.

Tillagan felld með þremur atkvæðum gegn fjórum atkvæðum: Þorsteins Ægis Egilssonar, Reynis Atla Jónssonar, Þorsteins Vilbergs Þórissonar og Halldórs Stefánssonar.

Þorsteinn Ægir Egilsson lagði fram svohljóðandi bókun meirihluta:

Tillagan barst of seint, en fögnum við nýtilkomnum áhuga U-listans á nýtingu á Langanesvegi 2 í ljósi þess að þau greiddu atkvæði gegn kaupunum á síðasta fundi sveitarstjórnar.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhléi kl. 19:46. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 19:54.

Til máls tók Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi bókun:

U-listinn furðar sig á að ekki skuli vera tekið vel í skoðun á þessu máli og bendir á að við lögðum til á síðasta fundi að fundin yrðu not fyrir húsnæðið og gerðar frekari áætlanir um framtíðarnot fyrir húsið. Bókun núna er innlegg frá U-lista í þá umræðu. Vísun í bókun U-listans á síðasta fundi.

Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir veitti andsvar.

18. Hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla – frá U-lista

Til máls tók Björn Guðmundur Björnsson og lagði fram svohljóðandi tillögu:

U-listinn leggur til að skrifstofu sveitarfélagsins verði falið að kanna hjá ON og N1 með uppsetningu á hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla á Þórshöfn og að sveitarfélagið beiti sér fyrir því að slíkri stöð verði komið upp.

Til máls tóku: Þorsteinn Ægir Egilsson, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson.

Tillagan felld með þremur atkvæðum gegn fjórum atkvæðum: Þorsteins Ægis Egilssonar, Reynis Atla Jónssonar, Þorsteins Vilbergs Þórissonar og Halldórs Stefánssonar.

LANGANESBYGGÐ



Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:28.